



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2118
komudagur 18.S. 2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Kópavogi 17 maí 2006.

Efni: Frumvarp til laga um almannatryggingar, 792. mál, samningar við sérgreinalækna.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Læknafélags Íslands (LÍ) um ofangreint mál. LÍ þakkar fyrir að fá málið til umsagnar.

Stjórn LÍ sýnist að markmið frumvarpsins séu fyrst og fremst tvö. Annars vegar það að treysta heimildir laga um almannatryggingar fyrir þeirri ráðstöfun að endurgreiða sjúkratryggðum hluta kostnaðar, sem þeir hafa af heilbrigðisþjónustu, sem veitt er án þess að samningur sé milli ríkisins og þess, sem hana veitir og hins vegar að skilgreina nánar sjúkratrygginguna og hinn sjúkratryggða.

Það er skoðun Læknafélags Íslands, að eðlilegt sé að sjúkratryggingin nái til þeirrar þjónustu, sem hinir sjúkratryggðu þurfa á að halda, en heilbrigðisráðherrann hefur ekki samninga um eða sér fyrir með öðrum hætti. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar bregður til auðnar í hópi lækna, sem hafa samning við HTR og sérþekkingu í tiltekinni sérgrein. Dæmi hjartalækna er skýrt. Því ber að fagna þeirri viðleitni, sem hér er sýnd til að treysta lagaheimildir til slíkra ráðstafanna.

Að mati LÍ er það og til bóta að taka af öll tvímæli um að á Íslandi sé í gildi sjúkratrygging, sem ríkið veitir og nær til allra þátta heilbrigðisþjónustunnar sbr. hin nýja mgr. 34. gr. um heilsugæsluþjónustu.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar LÍ,

Sigurbjörn Sveinsson,
formaður.